

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um dómpinghár og þingstaði,
nr. 585. febrúar 1992.

1. gr.

Í b-lið 6. töluliðs 1. gr. falla niður orðin „Lögreglustöðin Neskaupstað“, en í stað þeirra kemur: Skrifstofa sýslumanns.

2. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. falla niður orðin „á tveggja vikna fresti“, en í stað þeirra kemur: tvisvar í mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. nóvember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár
og takmörkun á sammerkingum búfjár.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frostmerkingar stórgripa.

- 5.1. Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með frostmerkingum stórgripa og leiðbeinir um framkvæmd þeirra. Frostmerkingar hrossa skulu framkvæmdar af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambanda, í samræmi við grunnskráningu Búnaðarfélags Íslands fyrir folöld og eldri hross. Þegar frostmerking hefur farið fram með viðurkenndu kerfi skal hún skráð í gagnabanka félagsins og telst þá fyrst fullgild. Heimilt er að nota tvenns konar frostmerkingakerfi fyrir hross, og skal í báðum tilvikum frostmerkja fæðingarnúmer á hrossin. Fæðingarnúmer er 8-stafa kennitala sem notuð er við skráningu hrossa á vegum Búnaðarfélags Íslands. Fyrstu tveir stafir númersins eru síðari tveir stafir fæðingarárs hrossins, þriðji stafur er fyrir kynferði hrossins (1: hestur, 2: hryssa). Næstu tveir stafir er númer upprunahéraðs hrossins og síðustu þrír tölustafir eru raðnúmer.

Eftirfarandi merkjakerfi sem lýst er í 5.1.1. og 5.1.2. skal nota við frostmerkingu hrossa en heimilt er að nota annað kerfi fyrir nautgripi í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Hross skulu frostmerkt á háls eða bak og nautgripir aftan á læri og malir.